14. október 2016
1609092

Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra
Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Arnarhvoli við Lindargötu
150 Reykjavík

*Efni: Greinargerð til ríkisstjórnar um verðbólgu undir fráviksmörkum*

Samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands á vísitölu neysluverðs sem birt var 26. ágúst sl. var tólf mánaða verðbólga 0,9% í ágúst 2016 og hafði samkvæmt því farið undir 1% fráviksmörk verðbólgumarkmiðs bankans. Með vísan til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Seðlabanka Íslands frá 27. mars 2001 sendi bankinn ríkisstjórninni sérstaka greinargerð hinn 9. september sl. þar sem gerð var grein fyrir ástæðum fráviksins.

Eins og ráðherra er kunnugt kom síðar í ljós að skekkja var í verðbólgumælingum Hagstofu Íslands á tímabilinu frá mars til ágúst sl. Samkvæmt leiðréttum tölum var tólf mánaða verðbólga miðað við vísitölu neysluverðs 1,2% í ágúst. Verðbólga fór því ekki undir 1% fráviksmörkin í ágúst og því var ekki tilefni til sendingar sérstakrar greinargerðar af hálfu Seðlabankans í síðasta mánuði.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson seðlabankastjóri

*Samrit:*
Forsætisráðherra

SEÐLABANKI ÍSLANDS
KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605